



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# Heimildaritun

## ÍSLE3HE05

### Námsáætlun vorönn 2023

#### Kennarar

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR)

Jón Özur Snorrason (JÖ)

Puríður M. Björnsdóttir (PMB)

#### Áfangalýsing

Áhersla er lögð á að nemendur læri og þjálfist í vinnubrögðum sem tengjast heimildavinnu. Unnin verða fjölbreytt og krefjandi ritunarverkefni og lesnir margs konar textar sem tengjast heimildavinnu. Nemendur verða einnig þjálfaðir í umræðum. Stærsta verkefnið er heimildaritgerð og vörn fyrir hana.

Nemendur skulu **ávallt mæta með tölvu** í kennslustundir.

#### Markmið áfangans

##### Þekking

###### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum sem tengjast heimildavinnu, s.s. beinni og óbeinni tilvitnun, tilvísun og heimildaskrá.
- muninum á staðreyndum og ályktunum.
- muninum á talmáli og ritmáli.
- muninum á heimildanotkun og ritstuldi.
- hvaða málsnið hæfir mismunandi efni og aðstæðum.

##### Leikni

###### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta.
- beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu heimilda.
- velja stílbrögð sem hæfa efninu.
- velja og nýta á gagnrýninn hátt þær upplýsingar sem skipta máli í heimildaritun.
- vega og meta áreiðanleika heimilda.
- flytja af öryggi og sannfæringarkrafti eigið efni.
- meta mismunandi sjónarmið og taka sjálfstæða, rökstudda afstöðu.

##### Hæfni

###### Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta.
- velja viðeigandi ritstíl eftir viðtakendum og aðstæðum.
- greina forsendur sem geta búið að baki einstökum ályktunum.

- tjá rökstudda afstöðu, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum.
- draga saman aðalatriði úr heimildum þannig að rétt sé með farið í hvívetna.
- beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta.
- leiða umfjöllun um viðfangsefni til vel rökstuddrar niðurstöðu.
- ástunda viðurkennd vinnubrögð í rannsóknarvinnu.

### **Námsefni**

Efni frá kennara, sjá Innu.

### **Námsmat**

Áfanginn er án lokaprófs. Allmörg verkefni verða metin til einkunna, auk þess sem ýmis smærri verkefni verða lögð fyrir til að styrkja námið. Nemendur eiga að **skila öllum verkefnum á tilsettum tíma**. Ekki er hægt að ganga að því vísu að farið verði yfir verkefni sem berast of seint. Til að standast kröfur áfangans **þarf að ná lágmarkseinkunn 5 fyrir lokaritgerð**.

### **Vægi einstakra námsþátta**

15% æfingaverkefni.

20% hverjum þætti heimildaritgerðar skilað.

50% heimildaritgerð, lokagerð.

15% kynning og vörn heimildaritgerðar.

## HEIMILDARITUN – VINNUÁÆTLUN VORÖNN 2023

Vika	Dags.	Viðfangsefni	Verkefni og skil
1	5.-6. janúar	Kynning áfangans. Tímaritgerð kynnt. Hugsað um efni lokaritgerðar.	
2	9.-13. janúar	Upprifjun um byggingu efnisgreina og ritgerða.	Tímaritgerð skrifuð. Tímaritgerð endurunnin.
3	16.-20. janúar	Tilvitnanir, tilvísanir og heimildaskráning.	Skráning heimilda í heimildaskrá. Verkefni og próf.
4	23.-27. janúar	Heimildaleit og mat á heimildum.	Stutt heimildaverkefni unnið.
5	30. janúar-3. febrúar	Vinnubrögð í háskólaritgerðum skoðuð.	Ritgerðir í Skemmu skoðaðar, verkefni.
6	6.-10. febrúar	Rannsóknarspurningar og tesur. Ritgerðarefni valið og rannsóknarspurning samin. Ritgerðarvinna; skipulag, lykilsetningar og kaflar. Heimildaleit.	Beinagrind skilað. Heimilda leitað og þær skráðar.
7	13.-17. febrúar	Heimildaleit fyrir lokaritgerð. Inngangur saminn.	Lista skilað yfir 8-12 áreiðanlegar heimildir til að nota í ritgerðinni. Inngangi skilað.
8	20.-24. febrúar 20. Verkefnadagur Miðannarmat	Kynning á ritgerðarefni. Vinna við meginmál ritgerðar (tesa).	Kynning á ritgerðarefni. Vinna við fyrri hluta meginmáls, tesu.
9	27. febrúar-3. mars 1.-3. Kátir dagar og Flóafár	Ljúka við fyrri hluta meginmáls. Seinni hluti meginmáls saminn, antitesa (og syntesa).	Skil á fyrri hluta meginmáls, tesu. Vinna við seinni hluta meginmáls, antitesu (og syntesu).
10	6.-10. mars 8. Áfangamessa	Meginmál lagað til og skrifað (tesa, antitesa og syntesa).	Vinna við seinni hluta meginmáls, antitesu (og syntesu).
11	13.-17. mars 15. Valdagur	Ljúka við seinni hluta meginmáls. Lokaorð samin.	Skil á seinni hluta meginmáli (tesa, antitesa og syntesa).
12	20.-24. mars	Ritstjórnarvinna og endurbætur. Lokaorð samin.	Lokaorðum skilað.
13	27.-31. mars	Lokaritgerð fullunnin.	Lokagerð heimildaritgerðar skilað til einkunnar 29. mars.
14-15	3.-11. apríl	Páskafri.	
15	12.-14. apríl	Varnir fluttar. Ritgerðir endurbættar.	Varnir.
16	17.-21. apríl 20. Sumard. fyrsti	Varnir fluttar. Ritgerðir endurbættar.	Varnir.
17	24.-28. apríl	Varnir fluttar. Ritgerðir endurbættar.	Varnir.
18	1.-5. maí	Viðtöl.	Nemendaviðtöl.

Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um gott samstarf.

4. janúar 2023

Guðbjörg Grímsdóttir [gudbjorg10@fsu.is](mailto:gudbjorg10@fsu.is)

Jón Özur Snorrason [jozur@fsu.is](mailto:jozur@fsu.is)

Puríður M. Björnsdóttir [thuridur@fsu.is](mailto:thuridur@fsu.is)